

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 25. febrúar 2021

Mál nr. E-5062/2020

Handafl ehf.

(Gestur Gunnarsson lögmaður)

gegn

VHM ehf.

(Sævar Þór Jónsson lögmaður)

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

Mál þetta hefur höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 28. ágúst 2020, af Handafl ehf., [...]. Stefndi er VHM ehf., [...].

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 20.152.217 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 7.304.341 kr. frá 6. maí 2020 til 21. maí 2020, af 14.739.667 kr. frá þeim degi til 30. maí 2020, af 19.030.634 kr. frá þeim degi til 5. júní 2020, af 19.659.488 kr. frá þeim degi til 6. júní 2020 og af 20.152.218 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu að svo stöddu af kröfum stefnanda.

Stefndi krefst þess til vara að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Stefndi krefst þess að málskostnaður milli aðila falli niður.

Mál þetta var dómtekið eftir aðalmeðferð þess miðvikudaginn 10. febrúar 2021. Þær breytingar hafa orðið á rekstri málsins að stefndi setti fram þá kröfu við aðalmeðferð að hann yrði aðallega sýknaður að svo stöddu, en fram að því var krafan einungis sú að stefnukröfur yrðu lækkaðar, sbr. varakröfu nú. Fyrst nam krafan alls 7.282.283 krónum til lækkunar, sbr. greinargerð til dómsins. Við aðalmeðferð málsins var sú krafa lækkuð niður í 6.642.512 krónur eins og nánar er gerð grein fyrir í niðurstöðu málsins.

Við aðalmeðferð málsins gaf Þorsteinn H. Einarsson fyrirvarsmaður stefnda skýrslu og auk hans Skúli Sigurðsson sem hefur umsjón með bókhaldi stefnda.

Málsatvik

Krafa stefnanda er byggð á níu reikningum stefnanda á hendur stefnda vegna þjónustu sem stefnandi veitti stefnda á grundvelli samnings aðilanna frá 16. janúar 2020. Meginefni samningsins var að stefnandi útvegaði stefnda sérhæfða aðstoðarmenn til smíðavinnu o.fl.

Samkvæmt 2. gr. samningsins var hlutverk stefnanda að miðla starfsmönnum til stefnda. Starfsmennirnir voru á launaskrá stefnanda og áttu að njóta réttinda og bera skyldur samkvæmt íslenskum lögum. Engar launþegaskyldur gagnvart starfsmönnum skyldu hvíla á stefnda sem verkkaupa. Samkvæmt samningi aðila skyldi tímavinnutaxti vera 4.500 krónur auk virðisaukaskatts á klukkustund fyrir dag- og eftirvinnu. Giltu þessir taxtar samkvæmt samningnum bæði um sérhæfða aðstoðarmenn og lærða iðnaðarmenn.

Ráðgert var að starfsmenn myndu vinna svipaðan tímafjölda yfir mánuðinn og aðrir starfsmenn verkkaupa, þ.e. stefnanda, en þó var einnig gert ráð fyrir vinnu á laugardögum. Áætlaður tímafjöldi starfsmanna stefnanda hjá stefnda var 50-58 klukkustundir á viku. Tekið var fram að ef launataxtar samkvæmt kjarasamningum hækkuðu þá breyttust tímavinnutaxtar í samræmi við það. Starfsmenn stefnanda skyldu notast við innstimplunarkerfi til að halda utan um unna tíma, og reikningsfærðir tímar skyldu miðast við samþykktar skráningar í slíku kerfi.

Reikninga skildi greiða tvisvar í mánuði, þ.e. þann 6. og 21. hvers mánaðar samkvæmt samþykktum vinnuskýrslum. Eindagi reikninga var ákveðinn 14 dögum síðar.

Starfsmenn stefnanda munu hafa hafið störf samkvæmt framangreindu fyrirkomulagi, hjá stefnda fljótlega í kjölfar undirritunar samningsins og stefnandi átt að senda reikninga í samræmi við fyrirmæli samningsins. Reikningar voru að sögn stefnanda sendir 21. janúar, 6. febrúar, 21. febrúar, 6. mars, 21. mars, 6. apríl og 21. apríl 2020 og greiddir 3. febrúar, 20. febrúar, 16. mars, 19. mars, 2. apríl, 20. apríl, 30. apríl og 4. maí.

Stefndi vísar til þess að af hálfu stefnanda séu dómkröfur taldar byggðar á rétti stefnanda til greiðslu samkvæmt framlögðum reikningum, sem séu níu talsins á tímabilinu 6. maí 2020 til 12. júní 2020. Um sé að ræða reikninga nr. 5280, 5288, 5287, 5283, 2643, 2642, 2641, 2646 og 2658, ásamt fylgiskjölum.

Þann 1. apríl 2020 verður ekki annað ráðið en að orðið hafi umtalsverðar breytingar á launataxta starfsmanna stefnanda, í samræmi við kjarasamninga Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins, sem undirritaðir voru vorið 2019. Á meðal stærstu breytinga var upptaka svokallaðs virks vinnutíma, þar sem starfsmaður í fullu starfi átti að fá greiddar 37 vinnustundir í viku fyrir fullt starf. Með þessari breytingu varð deilitala dagvinnutímakaups 160 tímar í stað 173,33 tíma. Við þessa breytingu hækkaði tímakaup dagvinnu um 8,33%. Með fram þessu breytta fyrirkomulagi varð almenn hækkun mánaðarlauna fyrir fullt starf, sem nam 18.000 kr. á mánuði. Stefndi hefur ekki mótmælt því með rökum að þessar breytingar hafi orðið, en mótmælir áhrifum þeirra á samningssamband aðila.

Þegar þessar breytingar urðu á töxtum samkvæmt kjarasamningum breyttust taxtar samkvæmt samningi aðila að sögn stefnanda. Tímavinnutaxti í dagvinnu hafi hækkað úr 4.500 krónum auk virðisaukaskatts í 4.700 krónur auk virðisaukaskatts, eða því sem nemur 4,4% hækkun. Eftirvinnutaxti hafi hækkað úr 4.500 krónum auk virðisaukaskatts í 5.250 krónur auk virðisaukaskatts, eða því sem nemur 16,67%. Báðar hækkanir voru að mati stefnanda mjög hóflegar og innan við það sem hækkun

hefði verið ef hækkun hefði tekið fullt mið af þeim breytingum sem urðu á kjörum starfsmanna stefnanda samkvæmt kjarasamningum. Stefndi telur að þessar hækkanir hafi verið í andstöðu við samning aðila og jafnframt að óheimilt hefði verið að innheimta sérstaklega fyrir yfirvinnu þ.e. 5.250 krónur auk virðisaukaskatts. Þá hafi breytingar þær sem samið hafi verið um ekki fjallað um hækkanir á tímakaupi.

Í fyrstu tveimur reikningum sem stefnandi sendi til stefnda eftir kjarasamningsbreytingu fórst fyrir, að sögn stefnanda, að leiðrétta taxa og hafi því verið sendir leiðréttingarreikningar 30. maí 2020. Reikningarnir nú sem hafi verið gefnir út frá og með 6. maí 2020 og fram til síðasta reiknings, sem gefinn var út þann 6. júní 2020, hafa ekki fengist greiddir þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um.

Stefndi stöðvaði greiðslur framkominna reikninga og kveðst hafa gert það vegna upplýsinga um stefnanda sem leitt hafi til þess að réttmætur vafi var að hans mati fyrir hendi um hvort stefnandi hefði fullnægt þeim skyldum sem á honum hvíldu lögum samkvæmt. Varðaði vafinn, að sögn stefnda, rétta greiðslu launa, starfskjara og annarra launatengdra gjalda vegna starfsmanna stefnanda sem störfuðu í þágu stefnda. Jafnframt voru fyrir hendi efasemdir um hvort stefnandi hefði staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda.

Stefndi kveðst hafa óskað eftir upplýsingum frá stefnanda með beiðni um staðfestingu þess efnis að laun og kjör starfsmanna stefnanda sem störfuðu í þágu stefnda, væru í samræmi við lög og kjarasamninga á Íslandi og að laun hafi verið greidd í samræmi við launaseðla. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum stefnanda varðandi skil á virðisaukaskatti, staðgreiðslu og lífeyrissjóði téðra starfsmanna.

Með bréfi lögmanna stefnanda hinn 2. júní 2020 til stefnda var því svarað til að af launaseðlum mætti ráða að starfsmennirnir nytu í það minnsta lágmarkskjara samkvæmt þeim kjarasamningum sem myndu gilda ef stefndi hefði ráðið starfsmennina í vinnu. Jafnframt að svo virtist sem kjör starfsmanna væru umfram lágmarkskjör.

Stefndi óskaði eftir frekari upplýsingum um skil á virðisaukaskatti, staðgreiðslu og lífeyrissjóðsiðgjöldum. Í bréfi lögmanns stefnanda til stefnda frá 3. júní 2020 kemur fram að stefnandi taldi sér ekki skylt að veita stefnda umbeðnar upplýsingar. Hins vegar staðfestu tveir lögmennt stefnanda, að þeir hefðu haft milligöngu um greiðslur og uppgjör fyrir hönd stefnanda á lífeyrissjóðsgjöldum, staðgreiðslu og virðisaukaskatti, meðal annars vegna starfsmanna þeirra er stefndi hafði nýtt í starfsemi sinni.

Með bréfi lögmanns stefnda til stefnanda 16. júní 2020, var enn á ný óskað eftir upplýsingum um starfsmenn stefnanda sem unnið höfðu í þágu stefnda. Einkum var óskað eftir upplýsingum er lutu að launakjörum og launagreiðslum. Þá var óskað eftir upplýsingum frá stefnanda um nöfn starfsmanna á vegum stefnanda sem unnið höfðu í þágu stefnda, afriti af ráðningarsamningum starfsmanna, afriti af vinnuskýrslum starfsmanna, afriti af launaseðlum starfsmanna, staðfestingu á að laun starfsmanna hefðu verið greidd í samræmi við launaseðla, staðfestingu á að launatengd gjöld hefðu verið innt af hendi sem og staðfestingu á opinberum gjöldum, einkum vegna staðgreiðslu og virðisaukaskatts. Stefndi vakti athygli á því sem hann sagði lögbundna starfsskyldu stefnanda, þ.e. að veita umbeðnar upplýsingar og afhenda gögn þar að lútandi.

Lögmaður stefnanda svaraði með tölvuskeyti 26. júní 2020 þar sem því var hafnað að veita stefnda umbeðnar upplýsingar.

Stefndi lýsir því svo að þrátt fyrir skeytasendingar milli lögmanns aðila hafi í júlí 2020 enn verið fyrir hendi réttmætur vafi í huga stefnda um hvort stefnandi hefði fullnægt þeim skyldum sem á honum hvíla lögum samkvæmt, varðandi greiðslu launa, skatta og gjalda.

Stefndi kveðst hafa bent á í júlí 2020 m.a. að tímaskráningar starfsmanna á verkstað í innstimplunarkerfi á vegum stefnda, sem nefnist Tímavera, og þær tímaskráningar sem stefnandi hefði látið af hendi, stönguðust á. Fyrir tímabilið frá 1. apríl 2020 til 11. júní 2020 hafi verið skráðar alls 4402 vinnustundir vegna vinnu starfsmanna á

vegum stefnanda. Með hliðsjón af reikningum, útgefnum af stefnanda, hafi hann hins vegar innheimt alls 4565,22 klukkustundir.

Í sama erindi kveðst stefndi jafnframt hafa vísað til samkomulags stefnanda og stefnda þess efnis að stefnandi skyldi taka þátt í kostnaði vegna vinnufatnaðar starfsmanna og greiða helming þess kostnaðar. Þá var í bréfinu einnig gerð krafa um greiðslu fyrir máltíðir starfsmanna stefnanda, sem stefnandi hafi ekki greitt fyrir.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að greiðsluskylda stefnda sé skýr. Stefnandi hafi veitt stefnda þjónustu á grundvelli samnings, þar sem kveðið hafi verið á um verð fyrir þjónustuna og verðbreytingar, en stefndi hafi ekki greitt fyrir stóran hluta þeirrar þjónustu sem hafi verið veitt. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi enga heimild til að halda eftir greiðslu á reikningunum og byggir á því að engar athugasemdir sem fram hafa komið af hálfu stefnda eigi við rök að styðjast. Jafnframt byggir stefnandi á því að allar athugasemdir stefnda við reikninga og vinnuframlag hefðu þurft að koma fram strax á þeim tíma sem þjónustan var veitt, og reikningar voru gefnir út, en að ekki stoði að gera fyrst athugasemdir um einum og hálfum mánuði eftir að síðasti reikningur vegna verksins var gefinn út.

Stefndi hafi að sögn stefnanda í fyrsta skipti gert efnislegar athugasemdir við útgefna reikninga með bréfi lögmanns stefnda til lögmanns stefnanda, frá 17. júlí 2020. Af því bréfi hafi þó mátt ráða að enginn ágreiningur væri um að stefndi stæði í skuld við stefnanda, en það voru einhver atriði sem stefndi gerði athugasemdir við. Því bréfi hafi verið svarað að fullu með bréfi lögmanns stefnanda til lögmanns stefnda 20. júlí 2020. Í svarbréfinu hafi enn á ný verið ítrekuð áskorun um að stefndi greiddi útistandandi reikninga og tekið fram að ekki yrði séð að neitt væri því til fyrirstöðu að stefndi greiddi í það minnsta þann hluta skuldarinnar sem samkvæmt bréfi stefnda væri óumdeildur. Við þessari áskorun hafi ekki formlega verið brugðist og tilraunir til satta og eða efnislegra viðræðna hafi reynst árangurslausar.

Stefnandi byggir á því að sú þjónusta sem hann veitti stefnda hafi verið til algjörRAR fyrirmyndar og aldrei gerðar nokkrar athugasemdir við vinnuframlag starfsmanna stefnanda.

Stefnandi vísar til meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til meginreglna verktakaréttar og til hliðsjónar vísar stefnandi til laga um þjónustukaup nr. 42/2000 og laga um lausafjárkaup nr. 40/2000.

Krafa um dráttarvexti er byggð á lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sér í lagi III. kafla. Krafa um málskostnað er byggð á 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi krefst sýknu að svo stöddu af kröfum stefnanda. Kröfugerð hans í þessa veru, sem fyrst var sett fram við aðalmeðferð málsins, verður skilin þannig að hún byggist á þeirri meginmálsástæðu stefnda sem sett var fram í greinargerð, en þá til stuðnings því sem er varakrafa stefnda nú en sem áður var aðalkrafa hans, um að kröfur stefnanda verði lækkaðar.

Stefndi byggir kröfu sína til lækkunar á stefnukröfu í fyrsta lagi á því að stefnandi hafi ekki fullnægt þeim skyldum sem á honum hvíla lögum samkvæmt, varðandi greiðslu launa, starfskjara, og annarra launatengdra gjalda, sem og staðgreiðslu opinberra gjalda. Í öðru lagi byggir stefndi á að með útgefnum reikningum stefnanda hafi verið innheimtar of margar vinnustundir miðað við raunverulegar vinnustundir á verkstað. Í þriðja lagi byggir stefndi á því að tímavinnutaxti hafi verið hækkaður þvert gegn samningi. Í fjórða lagi byggir stefndi á að stefnandi hafi ekki greitt fyrir sinn hluta vegna vinnufatnaðar starfsmanna. Í fimmta lagi byggir stefndi á því að stefnandi hafi ekki greitt fyrir máltíðir starfsmanna eins og honum beri en við aðalmeðferð málsins féll hann frá þeirri kröfu.

Stefndi kveðst hafa stöðvað greiðslur framkominna reikninga vegna upplýsinga sem leitt hafi til þess að réttmætur vafi væri fyrir hendi um hvort stefnandi hefði fullnægt þeim skyldum sem á stefnanda hvíla lögum samkvæmt.

Lög nr. 139/2005 gildi um starfsmannaleigur á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra. Jafnframt gildi löginn um skyldur notendafyrirtækja í tengslum við þjónustusamning þeirra við starfsmannaleigur, sbr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 1. gr. laganna, c-lið, sé stefndi í máli þessu skilgreindur sem notendafyrirtæki og stefnandi skilgreindur sem starfsmannaleiga.

Í 1. og 2. mgr. 4. gr. b í lögnum sé kveðið á um óskipta ábyrgð notendafyrirtækis á grundvelli þjónustusamnings á vangoldnum lágmarkslaunum og öðrum vangreiðslum. Ábyrgð notendafyrirtækisins nái til vangoldinna launa og starfskjara sem starfsmaður hefði að lágmarki átt að njóta, líkt og hann hefði verið ráðinn beint til notendafyrirtækisins til að gegna sama starfi samkvæmt launum sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um. Þar að auki falli undir ábyrgð notendafyrirtækisins launatengd gjöld, svo sem greiðslur til stéttarfélag, tryggingagjald og mótframlag í lífeyrissjóð. Í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 sé enn fremur kveðið á um að í þeim tilvikum sem starfsmannaleiga virði að vettugi skuldbindingar sínar er lúti að staðgreiðslu, beri notendafyrirtækið ábyrgð, sbr. 4. mgr. 7. gr. og 20. gr. laganna.

Með vísan til d-liðar 1. mgr. 4. gr. c og 2. mgr. 4. gr. c í lögum um starfsmannaleigur, hafi stefndi óskað eftir upplýsingum hjá stefnanda um nöfn starfsmanna á vegum stefnanda sem unnið höfðu í þágu stefnda, afriti af ráðningarsamningum starfsmanna, afriti af vinnuskýrslum starfsmanna, afriti af launaseðlum starfsmanna, staðfestingu á að laun starfsmanna hefðu verið greidd í samræmi við launaseðla, staðfestingu á að launatengd gjöld hefðu verið innt af hendi sem og staðfestingu á opinberum gjöldum, einkum vegna staðgreiðslu og virðisaukaskatts. Hafi beiðninni verið hafnað.

Stefndi hafi gert ótal tilraunir til þess að fá staðfestingu stefnanda á því að verið væri að framfylgja markmiði laga um starfsmannaleigur. Ljóst sé að ábyrgð notendafyrirtækis sé rík. Stefndi hafi reynt eftir fremsta megni að takmarka ábyrgð

notendafyrirtækisins með því að sinna eftirlitsskyldu sinni, að því marki er heimildir í lögum um starfsmannaleigur leyfi, með því að krefja stefnanda um upplýsingar.

Vegna upplýsinga sem stefndi kveðst hafa varðandi vanrækslu stefnanda á greiðslum til starfsmanna og skilum á opinberum gjöldum, mat hann svo að réttast væri að halda eftir greiðslum, þar sem ábyrgð notendafyrirtækis sé rík.

Stefndi hafi haldið eftir greiðslum vegna þess að stefnandi hafi ekki lagt fram fullnægjandi sönnun á greiðslum til starfsmanna og skilum á opinberum gjöldum. Sú vanefnd heimili stefnda að beita almennum vanefndaúrræðum kröfuréttar og halda eftir greiðslum.

Í samningi aðila sé skýrt kveðið á um að starfsmenn verksala skuli stimpla sig inn og út á verkstað í innstimplunarkerfi verksala ef innstimplunarkerfi sé ekki til staðar hjá verkkaupa, annars hjá verkkaupa, og skuli reikningsfærðir tímar miðast við samþykktu skráningu í slíku kerfi. Stefndi sé með innstimplunarkerfi sem starfsmennirnir hafi notast við.

Með bréfi lögmanns stefnda til stefnanda 17. júlí 2020 hafi verið gerðar athugasemdir vegna tímaskráninga starfsmanna á verkstað í innstimplunarkerfi á vegum stefnda sem nefnist Tímavera og tímaskráninga þeirra sem stefnandi hafi látið af hendi.

Um sé að ræða tímabil sem komi fram á níu reikningum stefnanda sem stefndi hafi þegar greitt, reikningum númer 5123, 5142, 5170, 5201, 5211, 5218, 5239, 5258 og 5267. Reikningarnir séu dagsettir á tímabilinu 21. janúar 2020 til 21. apríl 2020 og taki til vinnu starfsmanna á tímabilinu 6. janúar 2020 til 20. apríl 2020. Með hliðsjón af téðum níu reikningum, útgefnum af stefnanda, hafi stefnandi innheimt alls fyrir 5.872,48 klukkustundir, 32.768.440 krónur. Stefndi byggir á að þarna sé 811,56 klukkustundum ofaukið. Miðað við að tímagjald sé 4.500 án virðisaukaskatts sé lækkunin 4.528.505 krónur með virðisaukaskatti.

Stefndi hefur fallið frá frekari kröfum vegna þessa frá því sem fram kom í greinargerð hans.

Í bréfi lögmanns stefnda til stefnanda hafi jafnframt verið gerðar athugasemdir við útseldan tímavinnutaxta, sem hafi verið hækkaður úr 4.500 krónum á klukkustund í 4.700 krónur auk virðisaukaskatts á klukkustund. Jafnframt hafi stefnandi hafið að rukka fyrir yfirvinnu starfsmanna 5.250 krónur auk virðisaukaskatts á tímann. Það sé á skjön við samning aðila þar sem einungis hafi verið gert ráð fyrir einum taxta.

Stefndi mótmælir því sem fram komi í stefnu varðandi breytingar á launataxta starfsmanna stefnanda. Þær kjarasamningsbreytingar til hækkunar, sem stefnandi vísi til í stefnu, séu samningssambandi aðila óviðkomandi þar sem ekki sé um að ræða hækkun á launataxta starfsmanna. Kjarasamningsbreytingarnar sem um ræði hafi því ekki gildi í samningssambandi aðila.

Þá hafnar stefndi framlögðum reikningi stefnanda nr. 2642 sem sé að fjárhæð 559.420 krónur með virðisaukaskatti. Jafnframt hafnar hann reikningi stefnanda nr. 2641 að fjárhæð 224.939 krónur með virðisaukaskatti. Reikningarnir séu ekki sjálfstæðir í þeim skilningi að tímarnir sem þar komi fram hafi þegar verið greiddir. Reikningarnir grundvallist einungis á hækkun á tímagjaldi starfsmanna stefnanda og greiðslu vegna yfirvinnu, sem eigi sér enga stoð í samningi aðila. Því sé krafist lækkunar á stefnukröfum um samtals 784.359 krónur vegna þessa.

Stefndi byggir á þeirri meginreglu samningaréttar sem feli í sér að menn geti samið um efni kröfuréttinda að vild sinni og geti þar af leiðandi ákveðið efni samnings. Vísar stefndi til meginreglunnar um að samninga skuli halda. Gerð sé krafa um að efni kröfu verði að vera nægjanlega skýrt og þar með að efni skyldu sé ljóst. Ekki sé unnt að knýja fram efndir á óskýrri kröfu.

Stefndi krefst þess að krafa stefnanda verði lækkuð sem nemi skyndilegri hækkun á tímagjaldi og innheimtu vegna yfirvinnu starfsmanna með útgefnum reikningum sem

stefnandi byggir kröfu sína á. Stefndi miðar við unna tíma samkvæmt Tímaveru sem séu 3.179,29 klst., þar sem tímagjaldið er 4.500 krónur auk virðisaukaskatts. Samtals sé það 978.691 króna sem stefndi byggir á til lækkunar.

Stefndi byggir kröfu sína til lækkunar þá jafnframt á vanefndum stefnanda til þátttöku í greiðslu á vinnufatnaði starfsmanna stefnanda, sem stefndi hafi lagt út fyrir.

Stefndi kaupi öll vinnuföt af KH Vinnufötum ehf. Heildarfjárhæð sem stefndi lagði út fyrir vinnufatnaði starfsmanna stefnanda hafi numið 701.914 krónum. Helming þess beri stefnanda að greiða eða 350.957 kr.

Stefndi hafnar því að athugasemdir séu of seint fram komnar, enda hafi það verið ákveðin mótmæli að greiða ekki umrædda reikninga. Hvergi sé kveðið á um að athugasemdir við reikninga hefðu þurft að koma fram strax á þeim tíma sem þjónustan var veitt.

Fjárhæð stefnda til lækkunar nemur samtals 6.642.512 krónum.

Um lagarök vísar stefndi til laga um starfsmannaleigur nr. 139/2005, einkum 1. gr., 1. gr. c, 1. mgr. 1. gr. a, 5. gr. a, 1. og 2. mgr. 4. gr. b, d-lið 1. mgr. 4. gr. c og 2. mgr. 4. gr. c í lögnum. Stefndi byggir kröfur sínar einnig á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, einkum 4. mgr. 7. gr. og 20. gr. laganna. Stefndi byggir og á meginreglum samninga- og kröfuréttar og ólögfestum reglum um tómlæti. Krafa um málskostnað er studd við 1. mgr. 130 gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Eins og að framan er rakið er enginn ágreiningur með aðilum um samningssambandið sjálft í grunninn, tilkomu þess og tilgang sem og meginskyldur aðila. Jafnframt jatar stefndi að standa í skuld við stefnanda á grundvelli samningsins en telur að til frádráttar skuldinni skuli koma tilgreindir frádráttarliðir. Fjárhæð þeirra var við aðalmeðferð málsins lækkuð og nemur heildarkrafa stefnda nú til lækkunar 6.642.512 kr. í stað 7.282.293 kr., sbr. framangreint, en stefndi hefur alfarið fallið frá kröfu um hlutdeild stefnanda í kostnaði við máltíðir, 582.084 krónur, auk þess sem fallið hefur verið frá kröfu að fjárhæð 57.697 kr. sem byggðist á því að stefndi taldi tíma unna af starfsmönnum vera ofreiknaða um 10,34 stundir á tímabilinu frá 6. maí til 12. júní 2020.

Af málatilbúnaði stefnda, bæði í greinargerð og svo við aðalmeðferð málsins, mætti ráða að meginágreiningur aðila snúist um hvort stefnda hafi verið rétt að halda eftir greiðslum til stefnanda vegna þess að hann kveðist hafa haft rökstuddan grun um að stefnandi hafi ekki staðið skil á sköttum og launatengdum gjöldum. Honum hafi því verið nauðugur sá kostur að halda eftir fé til að geta mætt kröfum hins opinbera og lífeyrissjóða vegna þessara gjalda sem hann kveðst geta orðið ábyrgur fyrir á grundvelli laga nr. 139/2005 um starfsmannaleigur. Sá hængur er hér á að stefndi rökstyður ekki hvaða fjárhæð hann heldur eftir vegna þessa og á hvaða grunni hann þá geri það. Stefndi gerir hins vegar sundurliðaðar kröfur vegna tiltekinna frádráttarliða sem eru allir rökstuddir með viðeigandi hætti, þ.e. eins og málið er nú rekið, vegna ofreiknaðra vinnustunda, vegna rangra launataxta og vegna kostnaðar stefnanda við vinnufatnað þar sem hann krefur stefnanda um greiðslu að hluta. Þannig er engin sérstök fjárfrafa gerð um lækkun stefnukröfu á grundvelli réttar til að halda eftir greiðslu á grundvelli framangreinds. Hægt er að líta svo á að sá málatilbúnaður stefnda verði skiljanlegri ef tekið er mið af kröfu stefnda sem hann setti fram við aðalmeðferð málsins um að hann verði sýknaður að svo stöddu, en samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skal sýkna stefnda að svo stöddu ef kröfunni mætti ella fullnægja með aðför og hún hvílir eða getur hvílt á stefnda, en efndatími hennar er ekki kominn.

Dómurinn fær ekki séð að slík krafa komist að gegn andmælum gagnaðila jafn seint og raun ber vitni. Telja verður að ef gerð er sýknukrafa í máli sé hins vegar mögulegt

að leggja fram kröfu á síðari stigum um sýknu að svo stöddu, en dómurinn telur reyndar hægt að fella á sakarefni slíkan dóm án kröfu undir slíkum kringumstæðum.

Samkvæmt lögum nr. 139/2005 eru lagðar ríkar skyldur á starfsmannaleigur sem ekki er síst ætlað að girða fyrir með tilteknum hætti að vanhöld verði á greiðslum til og vegna starfsmanna. Markmið laganna er þannig að tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga.

Af málatilbúnaði stefnda varð framan af, ekki glögglega greint hvað hefði orðið til þess að hann ákvað að stöðva greiðslur til stefnanda. Við aðalmeðferð kom fram að það hefði einkum verið vegna þess að stefnandi hafi skyndilega gefið út reikninga í nafni annars félags en það hafi vakið upp grun hjá stefnda um að ekki væri allt með felldu. Stefnandi vildi meina að þetta hefði gerst fyrir mistök og dró þessa reikninga til baka strax og sendi nýja í staðinn. Ekkert annað virðist hafa sérstaklega kallað á tortryggni stefnda í garð stefnanda um að hætta gæti verið á því að stefndi myndi lenda óverðskuldað í ábyrgð fyrir skuldum stefnanda.

Í bréfum frá lögmönnum stefnanda 2. og 3. júní 2020 þar sem svarað var erindum frá lögmanni stefnda var vísað til launaseðla starfsmanna við verkið sem lögmenn kváðust hafa yfirfarið sem og til bankayfirlits. Var staðfest að laun hefðu verið greidd. Jafnframt staðfestu sömu lögmenn, að sögn umfram skyldu, að þeir hefðu sjálfir annast milligöngu um greiðslur og uppgjör f.h. stefnanda á lífeyrissjóðsiðgjöldum, staðgreiðslu og virðisaukaskatti, m.a. vegna starfsmanna sem stefndi hefði nýtt í starfsemi sinni. Stefnandi taldi þetta ekki fullnægjandi og var því óskað eftir frekari upplýsingum með bréfi sem sent var beint á stefnanda 16. júní 2020 en virðist ekki hafa komið til vitneskju a.m.k. lögmanna stefnanda fyrr en í lok mánaðarins. Með tölvuskeyti 2. júlí voru stefnda sendir allir launaseðlar hlutaðeigandi starfsmanna og staðfest að laun hefðu verið greidd en greint frá því að ekki væri hægt að senda sundurliðaðar upplýsingar um launatengd gjöld fyrir einstaka starfsmenn heldur væru þar inni greiðslur vegna annarra starfsmanna stefnanda í öðrum verkum. Hins vegar

var boðist til að inna af hendi greiðslur vegna launatengdra gjalda til viðkomandi opinberra aðila, eyrnamerkt viðkomandi starfsmönnum, tímabilum og viðtakendum.

Ekki verður séð að neinar athugasemdir hafi komið fram með rökstuddum og sundurliðuðum hætti við kröfum stefnanda eftir þetta fyrr en með bréfi lögmanns stefnda 17. júlí 2020 eftir að lögmaður stefnanda hafði tekið við málinu og krafist stefnda um greiðslu með tölvuskeyti 12. júní 2020. Í bréfi stefnda var hins vegar ekki minnst á meint vanhöld stefnanda á því að standa skil á launum og/eða launatengdum gjöldum vegna starfsmanna, eða meintan rétt stefnda til að halda eftir greiðslum á þeim grundvelli. Verður varla önnur ályktun dregin af því en sú að stefndi hafi talið skýringar stefnanda, a.m.k. við svo búið, fullnægjandi, sbr. framangreint.

Í þessu sambandi verður að líta til þess að samkvæmt 3. mgr. 4. gr. b, laga nr. 139/2005 verður krafa á hendur notendafyrirtæki samkvæmt lögnum á grundvelli þjónustusamnings að hafa borist innan fjögurra mánaða frá gjalddaga viðkomandi kröfu. Undir vissum kringumstæðum er hægt með ákvörðun dómstóla að lengja þann ábyrgðartíma. Ekkert slíkt er hins vegar uppi í þessu máli og engar upplýsingar um að kröfur hafi verið gerðar á hendur stefnda vegna þess samnings sem mál þetta snýst um eða vegna einhverra vanhalda stefnanda gagnvart stefnda eða starfsmönnum sínum. Ekki verður í raun séð, eins og málið er vaxið, að myndast hafi einhver skylda stefnanda gagnvart stefnda á grundvelli framangreindra laga eða að upplýsingaskylda stefnanda til Vinnumálastofnunar samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna hafi verið vanrækt þannig að hafi girt fyrir útgáfu stofnunarinnar á staðfestingu samkvæmt 3. mgr. laganna og að staðfesting hafi a.m.k. verið til reiðu fyrir stefnda samkvæmt 1. mgr. 4. gr. a í lögnum. Einnig er í málinu óljóst á hvaða grunni stefndi gat gert þær kröfur sem félagið gerði á hendur stefnanda í ljósi framangreinds, að engar kröfur höfðu borist frá starfsmönnum. Án þess að það hafi þá þýðingu í málinu verður heldur ekki annað séð í fljótu bragði en að stefnandi hafi gefið stefnda nokkuð ítarlegar upplýsingar samkvæmt beiðnum hans og jafnvel boðist til að gera ráðstafanir til að tryggja skaðleysi stefnda sem virtust umfram skyldu. Þá liggur ekkert fyrir um það í málinu að Vinnumálastofnun hafi haft einhver afskipti af samningssambandi aðila samkvæmt ákvæðum framangreindra laga eða aðrir opinberir aðilar.

Kröfur stefnda samkvæmt framangreindu eru vanreifaðar og ekki verður séð að þær eigi við rök að styðjast eins og málið hefur verið lagt fyrir dóminn. Því gæti það í raun ekki skipt máli þótt ekki væri fallist á að krafa um sýknu að svo stöddu kæmist að. Efnislegar forsendur fyrir slíkri niðurstöðu í málinu eru sjáanlega þannig ekki til staðar.

Þá verður ekki fallist á að gagnstæð niðurstaða verði byggð á því að stefnandi hafi ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda og sé því stefnda rétt að halda eftir greiðslum á þeim grundvelli með vísan til ábyrgðar sem á stefnda gæti hvílt samkvæmt 4. mgr. 7. gr. og 20. gr. laga nr. 45/1987. Ekkert liggur þannig fyrir um slík vanskil, um ábyrgð stefnda á slíkum vanskilum væru þau fyrir hendi og vanreifað er þá jafnframt á hvaða grunni stefndi ætti rétt á að halda eftir greiðslu. Eðli máls samkvæmt, sbr. framangreint, er síðan með öllu vanreifað hversu hárrí fjárhæð stefndi ætti þá rétt á að halda eftir.

Allur málatabúnaður stefnda í framangreinda veru er því að mati dómsins haldlaus.

Verður þá vikið að einstökum kröfum stefnda sem hann hefur þó reifað með rökstuddum hætti hvað fjárhæðir varðar og hann krefst að komi til frádráttar kröfum stefnanda.

Þar ber hæst krafa til lækkunar á þeim grundvelli að vinnuskýrslur sem stefnandi byggir kröfu sínar á séu rangar en skýrslur sem miðast við skráningu hjá stefnda gefi til kynna að þar skeiki alls 811,56 vinnustundum sem þá sé ofaukið, sem miðað við 4.500 króna grunnjald þýði lækkun á kröfu stefnanda um samtals 4.528.505 krónur með virðisaukaskatti.

Ákvæði í samningi aðila frá 16. janúar 2020 um tímaskráningu starfsmanna gæti verið nákvæmara, en af því má ráða að meginreglan væri sú að um skráningu færi eftir kerfi verksala, þ.e. stefnanda, ef ekki væri til staðar innstimplunarkerfi hjá verkkaupa, stefnda í máli þessu. Annars skyldi farið eftir kerfi verkkaupa samkvæmt samþyktri

skráningu. Fyrir liggur að þrátt fyrir að stefndi var sjálfur með innstimplunarkerfi hjá sér miðaði stefnandi sína reikningsgerð við eigið kerfi. Engar athugasemdir voru gerðar að hálfu stefnda við þá skráningu á tímabilinu frá samningsgerð og þar til í júlí 2020 þegar allir reikningar voru útgefnir og megnið af þeim greiddir, en ekki verður betur séð en að allir útgefnir reikningar frá 21. janúar til 4. maí 2020, 7 talsins, hafi verið greiddir án allra athugasemda. Þegar af þeirri ástæðu verður kröfu stefnda á þessum grundvelli hafnað með vísan til tómlætis en stefnda var rétt að gera stefnanda viðvart strax, ef hann taldi tímaskráningar stefnanda ekki réttar, enda um algjört grundvallaratriði í samskiptum aðila að ræða og það atriði sem reikningar stefnanda og samningssamband einfaldlega byggðust á.

Þess utan sýndi lögmaður stefnanda fram á það við aðalmeðferð málsins með rökstuddum hætti að þessi væri reyndar ekki raunin og að í tímaskráningu stefnda vantaði einfaldlega daga sem ágreiningslaust mætti vera að starfsmenn á vegum stefnanda hefðu verið við störf hjá stefnda. Þessari sundurliðun og rökstuðningi stefnanda var ekki hnekt af hálfu stefnda og ekki bornar á þá framsetningu brigður með rökstuddum hætti, en stefnandi lagði þvert á móti fram við aðalmeðferð, yfirlit sem byggðist á framlögðum dóm skjölum sem ekki verður betur séð en að hnekki málatilbúnaði stefnda. Þannig virðist þessi krafa stefnda til lækkunar ekki byggð á þeim staðreyndum sem við blasa í framlögðum skjölum, a.m.k. er hún þá vanreifðuð bæði eins og hún var sett fram og studd gögnum en enn frekar andspænis skýringum stefnanda við aðalmeðferð sem á sér, eftir því sem best verður séð, beina skírskotun til framlagðra gagna og samnings aðila. Þessari kröfu stefnda um lækkun á kröfum stefnanda verður því hafnað.

Stefndi krefst því næst lækkunar á þeim grundvelli að stefnanda hafi verið óheimilt að hækka viðmiðunartímagjald starfsmanna úr 4.500 krónur á klukkustund fyrir bæði dagvinnu og eftirvinnu, upp í 4.700 krónur fyrir dagvinnu og 5.250 krónur fyrir yfirvinnu.

Í samningi aðila var samið um að útseldur tímavinnutaxti skyldi vera 4.500 krónur auk virðisaukaskatts bæði fyrir dagvinnu og eftirvinnu. Þá segir að breytist launataxtar samkvæmt kjarasamningi til hækkunar breytist tímavinnutaxtar í samræmi við það. Ekki hefur verið gerður ágreiningur um að umgjörð samningssambands aðila, ef svo má segja, er kjarasamningur Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins. Sá samningur er því til skoðunar þegar kemur t.a.m. að mati á því hvort starfsmenn þeir sem um ræðir njóti kjara sem eru a.m.k. lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningum og lögum. Nýr kjarasamningur þessara aðila var undirritaður 3. maí 2019 og gildi frá 1. apríl það ár. Samkvæmt honum skyldi m.a. launaliður hækka um 18.000 kr. á mánuði frá og með 1. apríl 2020. Jafnframt var kveðið á um nýja deilitölu dagvinnu og hækkun dagvinnulauna sem því nam. Einnig var kveðið á um breytingar á útreikningi vegna yfirvinnu. Upplýsingar um þessar breytingar á kjarasamningum eru aðgengilegar m.a. í kynningarefni frá samningsaðilum.

Því hefur ekki verið mótmælt að stefnandi hafi kynnt umræddar breytingar á tímavinnutöxtum í byrjun maí 2020. Í svarbréfi lögmanns stefnanda 20. júlí 2020 við athugasemdum stefnda í bréfi 17. júlí 2020 sem var, eins og fyrr greinir, fyrsta merki þess að með aðilum væri tölulegur ágreiningur, var umrædd hækkun rökstudd ítarlega af hálfu stefnanda með skírskotun í þessa samninga en sá rökstuðningur fær skýran stuðning í þeim gögnum sem aðgengileg eru um umræddar hækkanir. Þessum rökstuðningi stefnanda sem að hluta til var endurtekinn í stefnu málsins og reifaður ítarlega við aðalmeðferð þess, hefur stefndi ekki svarað með öðru en því að kannast við breytingar á starfskjörum frá og með 1. apríl 2020 en halda því hins vegar fram að ekki hafi verið um hækkanir að ræða heldur fyrst og fremst styttingu vinnutíma. Þetta hefur stefndi hins vegar ekki rökstutt með fullnægjandi hætti.

Eftir stendur því hvort stefnanda hafi verið heimilt að hækka tímagjald. Samkvæmt samningi aðila var í upphafi vissulega samið um sama tímagjald í dagvinnu og eftirvinnu. Eins og samningurinn er uppsettur verður þó ekki talið að hann hafi girt með öllu fyrir að yfirvinna gæti hækkað umfram dagvinnutaxta. Í samningi aðila er síðan skýrt kveðið á um að „ef launataxtar skv. kjarasamningum hækka þá breytast tímavinnutaxtar í samræmi við það“.

Andspænis framangreindum staðreyndum málsins, í ljósi þess að stefndi gerði ekki þá þegar athugasemdir við umræddar hækkunir, þótt ekki sé það úrslitaatriði, og því að ekki verður betur séð en að báðum sammingsaðilum hafi verið í mun að tryggja launþegum, sem undir samning aðila heyrðu, lágmarkskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum verður fallist á að framangreind hækkun stefnanda á innheimtu gjaldi vegna einstakra starfsmanna hafi verið honum heimil. Stefndi hefur rökstutt ágætlega bæði grundvöll en einnig tölulegar forsendur fyrir hækkun á yfirvinnutaxta umfram dagvinnutaxta án þess að það hafi kallað á rökstudd andsvör stefnda önnur en þau að slík hækkun hafi ekki verið heimil, sbr. framangreint sem dómurinn telur að standist ekki. Telur dómurinn því ekki óvarlegt að fallast á þessar kröfur stefnanda eins og þær eru fram settar og verður honum því ekki gert að sæta lækkun á kröfum sínum vegna þessa.

Eftir stendur þá krafa stefnda um að lækka beri kröfur stefnanda vegna gagnkröfu hans. Þar er um að ræða kröfu um þátttöku stefnanda í útlögðum kostnaði stefnda vegna vinnufatnaðar en sú krafa byggir ekki á lækkun á stefnukröfum á grundvelli þess að þær séu of háar sem slíkar heldur er um að ræða sjálfstæða kröfu stefnda vegna kostnaðar sem hann hefur að sögn umfram skyldu lagt í. Stefndi hefur þannig ekki gert kröfu um þennan kostnað eins og gildir um aðrar kröfu málsins.

Krafa þessi nemur 350.957 krónum, sem er helmingur af kostnaði sem stefndi kveðst hafa lagt í vegna vinnufatnaðar og styðst krafan við skýrt ákvæði í samningi aðila. Stefndi gerir ekki ágreining um að honum beri skylda til að taka þátt í helmingi sannanlegs kostnaðar vegna vinnufatnaðar. Hins vegar telur hann stefnda ekki hafa lagt fram fullnægjandi gögn til stuðnings kröfu sinni.

Annars vegar hefur stefndi lagt fram sundurliðað einhliða óstaðfest yfirlit yfir lágmarksbúnað fyrir starfsmann, að hans mati, sem gerir ráð fyrir 63.810 kr. kostnaði á hvern starfsmann eða alls 701.914 kr. fyrir 11 starfsmenn sem geri þá kröfu að fjárhæð 350.957 kr., sbr. framangreint, vegna helmings af kostnaði. Hins vegar leggur stefndi fram reikninga samtals að fjárhæð eitthvað rétt yfir milljón króna vegna kaupa

hans á margs konar vinnufatnaði og útbúnaði frá KH Vinnufötum ehf. á samningstímabilinu en án beinnar tengingar við verkið sjálf.

Dómurinn telur að krafa stefnda á þessum grunni sé réttmæt og stefnandi hefur enda ekki gert ágreining um það. Gegn andmælum stefnanda um fjárhæð kröfunnar og undirliggjandi gögn telur dómurinn hins vegar, eins og krafan er reifuð, ekki fært að slá fjárhæð hennar fastri í þessu máli. Verður því ekki fallist á að hún komi að svo stöddu til lækkunar á kröfum stefnanda.

Af framangreindu leiðir að fallist verður á stefnukröfur eins og þær eru fram settar. Ekki hafa komið fram rökstudd andmæli við vaxtakröfum stefnanda en þær styðjast við gjalddaga útgefinna reikninga sem byggja á samningi aðila.

Eftir úrslitum málsins, með hliðsjón af málskostnaðaryfirliti stefnanda og málatilbúnaði aðila, og samkvæmt meginreglu 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 2.000.000 króna í málskostnað.

Málið fluttu Gestur Gunnarsson lögmaður fyrir stefnanda og Sævar Þór Jónsson lögmaður fyrir stefnda.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Stefndi, VHM ehf., greiði stefnanda, Handaflí ehf., 20.152.217 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 7.304.341 krónu frá 6. maí 2020 til 21. maí 2020, af 14.739.667 krónum frá þeim degi til 30. maí 2020, af 19.030.634 krónum frá þeim degi til 5. júní 2020, af 19.659.488 krónum frá þeim degi til 6. júní 2020 og af 20.152.218 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 2.000.000 króna í málskostnað.

Lárentsínus Kristjánsson